



LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bændahöllinni v/Hagatorg • 107 Reykjavík • Sími 553 1510/563 0300 • Símbréf 568 4363

www.angling.is • angling@angling.is

Alþingi
Erindi nr. P 138/577
komudagur 9.12.2009

Reykjavík, 9. desember 2009

Efnahags- og skattanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um breytingar á lögum um tekjuskatt 256. mál.

Landssamband veiðifélaga tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu um 6. gr., en leggja jafnframt þunga áherslu á að svofelld breyting verði gerð á 66. gr. laga nr. 90/2003.

Við 14. gr. frumvarps til laga um tekjuöflun ríkisins, þskj. 292- 256. mál komi nýr liður d. Til fjármagnstekna utan rekstrar er **heimilt að telja tekjur úr veiðifélagi hjá þeim einstaklingi sem hefur búrekstur eða annan rekstur með höndum.**

Í núgildandi lögum er ákvæði sem lögfest var árið 2007, um að til fjármagnstekna utan rekstrar skulu jafnframt teljast tekjur úr veiðifélagi hjá þeim einstaklingi sem hefur búrekstur eða annan rekstur á jörð með höndum.

Með úrskurði yfirskattanefndar nr. 566/1999 var staðfest að eigendur jarða sem ekki stunduðu búskap á jörðum sínum var heimilt að telja arðgreiðslur úr veiðifélögum fram sem fjármagnstekjur. Með lagabreytingunni 2007 voru arðgreiðslur úr veiðifélögum til einstaklinga sem stunda búrekstur á jörðum felldar alfarið undir fjármagnstekjur.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er bændum gert heimilt að telja tekjur frá veiðifélögum til rekstrartekna í landbúnaði, en ekki skilt líkt og var fyrir lagabreytinguna 2007.

Bændur sem eiga hlunnindi og njóta tekna úr veiðifélögum nýta þá fjármuni til að fjármagna rekstur á jörðum sínum. Því er brýnt að þeim verði gert heimilt með lögum að telja tekjur frá veiðifélagi með öðrum rekstrartekjum búsins til skattlagningar.

Virðingarfyllst,

fh.

Landssambands veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson,
formaður LV